



FUNDARGERÐ

287. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn húsnæði HEF að Einhleypingi 1.
Fimmtudaginn 12. nóvember 2020 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Skúli Björnsson (SB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB),
Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Fundardagskrá

- 1 9 mánaða uppgjör
- 2 Fjárfestingaáætlun
- 3 Fjárhagsáætlun
- 4 Gjaldskrár 2021
- 5 Austurljós – samningur
- 6 Ljósleiðari í dreifbýli
 - a. Verksamningar
 - b. Verkstaða
- 7 Önnur mál

1 9 mánaða uppgjör

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi. Árshlutauppgjör vatns- og fráveitna sveitarfélaganna þriggja sem sameinuðust Fljótsdalshéraði liggja ekki fyrir. Uppgjör eigna og skulda sem færast til HEF 30.9. þarf að klára í árshlutauppgjöri þeirra. Því er 9 mánaða uppgjör HEF enn í vinnslu. Afgreiðslu vísað til næsta fundar.

2 Fjárfestingaáætlun

Umræðu haldið áfram frá síðasta fundi. Drög að fjárfestingaráætlun staðfest með fyrirvara um þau áhrif sem áætlaðar fjárfestingar hafa á heildarrekstur félagsins og lánsfjárþörf þess. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með Byggðaráði og fulltrúum stjórnar HEF til eftirfylgni með fjárfestinga- og fjárhagsáætlun.

3 Fjárhagsáætlun

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi. Árshlutauppgjör vatns- og fráveitna sveitarfélaganna þriggja sem sameinuðust Fljótsdalshéraði liggja ekki fyrir. Því bíður fjárhagsáætlun afgreiðslu stjórnar.

4 Gjaldskrár 2021

Gjaldskrár vatns- og fráveitna, nú sameinaðs sveitarfélags, Múlaþings, hefur verið mismunandi í gegnum tíðina. Leggur stjórn HEF áherslu á að samræma gjaldskrár veitnanna sem nú heyra undir félagið.

Vatnsveita:

Stjórn samþykkir að vatnsgjald verði reiknað út frá fastagjaldi og fermetratölu, tenging við fasteignamat verði afnumin að öðru leyti en því að hámark vatnsgjalds verður 0,5% af fasteignamati.

Stórnotendur (fyrirtæki) hafa í einhverjum tilfellum lítið eða ekki greitt fyrir notkun (en hafa greitt vatnsgjald með fasteignagjöldum). Vatnsveita HEF hefur lengi selt stórnotendum kalt vatn eftir mæli, sem stuðlar að réttlátri kostnaðarskiptingu milli notenda.

Fráveita:

Stjórn samþykkir að gjaldskrá fráveitu HEF gildi í Múlaþingi en hún tekur breytingum samkvæmt fasteignamati og byggingarvísitölu. Árlegt fráveitugjald verði 0,32% af fasteignamati.

Fráveitugjöld voru mismunandi í sveitarfélögunum fyrir sameiningu; 0,170-0,335% af fasteignamati. Breytileg gjaldskrá var fyrir rotþróatæmingu milli sveitarfélaganna.

Hitaveita:

Stjórn samþykkir að hækka gjaldskrá um 5% frá og með 1. janúar 2021.

Gjaldskrá hitaveitu hefur dregist aftur úr verðlagsþróun. Um áramót 2018-2019 hafði gjaldskráin dregist um 7% aftur úr verðlagsþróun og ári síðar var sú tala komin í um 10%, þegar gjaldskrá 2020 tók gildi, 1. janúar sl.

Framkvæmdastjóra falið að vinna gjaldskrár allra veitnanna og leggja fyrir stjórn við fyrsta tækifæri.

5 Austurljós – samningur

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.



6 Ljósleiðari í dreifbýli

a. Verksamningar

Stjórn samþykkir að ganga til samninga í framhaldi af útboði (áður samþykkt í tölvupósti).

b. Verkstaða

Hafin er vinna við lagningu ljósleiðara á Efri Jökuldal.

7 Önnur mál

Voru ekki.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 19:10.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2020

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |